

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisástoð) og bókun 26 (um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisástoðar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 26 við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽²⁾
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45.
- 4) Við upptöku reglugerðar 794/2004 í samninginn verða nokkrir liðir XV. viðauka við samninginn úreltir og ber því að fella þá brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. viðauki við samninginn breytist sem segir í I. viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Bókun 26 við samninginn breytist sem segir í II. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 794/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

I. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

Brott falli texti 2. liðar (C/252/80/bls. 2: Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð samkvæmt 3. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans), 3. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(81) 12740 frá 2. október 1981), 4. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/5521 frá 27. apríl 1989), 5. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(87) D/5540 frá 30. apríl 1989), 6. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(90) D/28091 frá 11. október 1990), 7. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(91) D/4577 frá 4. mars 1991), 8. liðar (C/40/90/bls. 2: Tilkynning um aðstoðaráætlun vegna minniháttar aðstoðar), 10. liðar (C/318/83/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um ólöglega aðstoð) og 34. liðar (C/3/85/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um uppsafnaða aðstoð í ólíkum tilgangi).

II. VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005

Bókun 26 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „endurspeglar eftirfarandi gerð“ í 2. gr. komi orðin „endurspegla eftirtalðar gerðir“.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 skal tölusett sem 1. liður.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999):
„2. **32004 R 0794**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45.“